



Formáli
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
að bókinni Lýðveldisbörnin
19. ágúst 2016

Stofnun lýðveldis á Þingvöllum telst til stærstu stunda í sögu Íslands. Lokið var eftir langa baráttu formlegum yfirráðum erlends valds hér á landi. Um allt land fögnuðu Íslendingar hinum miklu tímamótum. Mestu hátíðahöldin voru á völlum sjálfum. Þar hafði Alþingi verið stofnað rúmlega þúsund árum fyrr. Þar voru landsmenn komnir saman að fagna endurheimt sjálfstæðis.

Deginum mikla á Þingvöllum, 17. júní 1944, hafa verið gerð góð skil. Um það sáu blöðin og Ríkisútvarpið á sínum tíma og efnisrík bók var þegar samin um hátíðina, aðdraganda hennar, skipulagningu og viðburði. Síðar hafa stjórnámálamenn, embættismenn og aðrir minnst hinnar stóru stundar. Einhugur þjóðar á Þingvöllum hefur verið þeim ofarlega í huga.

Fræðimenn hafa jafnframt rýnt í heimildir í skjalasöfnum innanlands og utan. Þeir hafa gjarnan staldrað við tvo atburði, kjör forseta Íslands og símskeyti Kristjáns X Danakonungs til Íslendinga. Af forsetakjörinu er mikil saga. Alþingi ákvað að forseti yrði fyrst þingkjörinn til eins árs en síðan fengi þjóðin að velja sér þjóðhöfðingja. Viðsjár voru á stjórn málasviðinu um þetta leyti eins og svo oft, fyrr og síðar. Við völd var utanþingsstjórn sem Sveinn Björnsson ríkisstjóri hafði skipað. Meginástæðan var einföld: þingmönnum hafði ekki tekist að mynda starfhæfa stjórn sem nyti meirihlutastuðnings á Alþingi. Þannig stóðu leikar þegar stofna skyldi lýðveldi á Þingvöllum.

Sundrungin á þingi sýndi sig líka í forsetakjörinu. Sveinn Björnsson var réttkjörinn en fékk aðeins rúman helming atkvæða. Kurr fór um mannfjöldann þegar niðurstaðan lá fyrir. Í þjóðaratkvæðagreiðslu fyrr á árinu um stofnun lýðveldis og nýja stjórnarskrá höfðu Íslendingar sýnt einhug. Þinginu tókst ekki að fylgja því fordæmi.

Síðar um daginn fór fagnaðaralda um vellina. Snortinn af gleði tilkynnti Björn Þórðarson forsætisráðherra að skeyti hefði borist frá Kristjáni X, með bestu óskum um bjarta framtíð íslenskrar þjóðar. Húrrahróp glumdu við. Hitt lét Björn ósagt að konungur lýsti líka gremju sinni yfir því að Íslendingar höfðu í raun sett hann af einhliða.

Öll þessi saga er sífelld uppspretta rannsókna og nýrra túlkana. Jafnvel má vera að nýjar heimildir finnist þegar fram líða stundir. Til dæmis fór svo að frumrit konungsskeytisins glataðist þótt ótrúlegt virðist. Kannski liggur það í bréfasafni á hanabjálka og kemur í leitirnar síðar meir.

Annar heimildabrunnur liggur ljós fyrir, ríkur og fjölbreyttur sem sjá má í þessari bók. Enn eru margir á lífi sem muna lýðveldishátíðina 1944. Frásagnir þeirra eru mikils verðar. Þær auka vitneskju okkar um hinn merka atburð og sjónarhornið er jafnframt óvanalegt. Stjórn málin og ráðamenn eru ekki í forgrunni heldur barnsminningar um fólkið allt, andrúmsloftið og ekki síst rigninguna sem buldi á háum sem lágum á Þingvöllum 17. júní 1944. Það er því mikið fagnaðarefni, öllum almenningi og fræðimönnum, að þessar bernskuminningar, slípaðar af langri ævi, séu nú komnar saman í einn stað.